



Hagsmunaskráning æðstu stjórnenda og aðstoðarmanna ráðherra í Stjórnarráði Íslands

sbr. lög um varnir gegn hagsmunaárekstrum í Stjórnarráði Íslands nr. 64/2020.

Nafn	Sigurður Ingi Jóhannsson
Starfsheiti	Innviðaráðherra
Dagsetning	1.12. 2022

Upplýsingar á eyðublaði þessu taka til tímabilsins frá því að starfsmaður skilar því til forsætisráðuneytisins. Umtalsverðar breytingar skulu tilkynntar eins fljótt og auðið er. Forsætisráðuneytið veitir leiðbeiningar um framkvæmd skráningar og hvort fyrir hendi kunni að vera hagsmunaárekstrar sem kalli á aðgerðir.

Forsætisráðuneytið birtir opinberlega upplýsingar um hagsmuni ráðherra, ráðuneytisstjóra og aðstoðarmenn ráðherra. Ekki verða hins vegar birtar upplýsingar um maka og ólögráða börn á framfæri þeirra.

1. Eignir.

- 50% eignarhluti í íbúðarhúsi og hesthúsi á Suðurlandi ásamt jarðarhluta – einnig 50% eignarhluta í blokkaríbúð í Reykjavík og 20% hlut í blokkaríbúð í Garðabæ.
- Eignarhlutir í félögum hérlendis og erlendis, þ.m.t. einkahlutafélögum, hlutafélögum, sameignarfélögum, samlagsfélögum, sjálfseignarstofnunum í atvinnurekstri og önnur skyld eignarréttindi.

Hlutabréf í Hótel Flúðir ehf og Hitaveitu S-Langholts ehf.

2. Skuldir og ábyrgðir.

- Skuldir hérlendis og erlendis, m.v. þann dag sem eyðublaðinu er skilað til forsætisráðuneytis. Ekki er þó skylt að tilkynna um skuldir vegna íbúðarhúsnæðis til eigin nota, bifreiða til eigin nota eða námslána. Þá er ekki skylt að tilkynna um skuldir við viðskiptabanka, sparisjóði og aðrar lánastofnanir ef fjárhæð er undir 5 millj. kr. Engar.
- Ábyrgðir hérlendis og erlendis, m.v. þann dag sem eyðublaðinu er skilað til forsætisráðuneytis. Ekki er þó skylt að tilkynna um ábyrgðir vegna íbúðarhúsnæðis til eigin nota, bifreiða til eigin nota eða námslána. Þá er ekki skylt að tilkynna um ábyrgðir við viðskiptabanka, sparisjóði og aðrar lánastofnanir ef fjárhæð er undir 5 millj. kr. Engar.